

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025,**  
**Suðurgata – Hringbraut.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 12. september 2013 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 27. febrúar 2013. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 4. apríl 2013.

Í breytingunni felst að blandað íbúðar- og stofnanasvæði milli Hamarsbrautar og Hringbrautar er breytt í íbúðarsvæði. Lóðirnar Suðurgata 40, 41 og 44 og Hlíðarbraut 10 og 12 verða áfram stofnanasvæði. Einnig er verslunar- og þjónustusvæði á horni Selvogsgötu og Hringbrautar breytt í íbúðarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 12. september 2013.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*